

Tilmæli 31/2024
Tillaga A 1962/UHN
Afgreiðsla Norræna sjálfbærnefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 31/2024 Grænar skattaumbætur og loftslagsstefna til framtíðar (A 1962/UHN)

Norræna sjálfbærnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki til greina svar við tilmælum 31/2024 og bíði *pólítíks samráðs* um grænar skattaumbætur og loftslagsstefnu til framtíðar.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

að mengunarbótareglan verði fest betur í sessi í umhverfislöggjöf hvers ríkis.

Svar norrænu ríkisstjórnanna

Mengunarbótareglan er að mati norrænu ríkisstjórnanna mikilvæg regla í umhverfis- og loftslagsmálum. Beiting reglunnar, sem einnig er lögfest í Lissabonsáttmálanum, skapar fjárhagslegan hvata fyrir fyrirtæki og aðra til þess að draga úr losun frá starfsemi sinni og fjárfesta í umhverfis- og loftslagsvænni tækni.

Norrænu löndin hafa verið í fararbroddi á alþjóðavísu þegar kemur að því að innleiða umhverfissjónarmið í löggjöf sína og verðleggja losun gróðurhúsalofttegunda. Einkum hefur mengunarbótareglunni verið beitt í tengslum við losun gróðurhúsalofttegunda vegna jarðefnaeldsneytis og iðnaðarstarfsemi þar sem kerfi fyrir viðskipti með losunarheimildir, orkuskattar og skattar á koldíoxíð eru mikilvæg verkfæri. Reglunni verður beitt í enn meiri mæli þegar farið verður í skrefum að telja losun frá eldsneytisnotkun á hafi með í núverandi kerfi fyrir viðskipti með losunarheimildir. Nýtt kerfi fyrir viðskipti með losunarheimildir fyrir dreifingaraðila jarðefnaeldsneytis, sem nær að stórum hluta til dreifingar á eldsneyti sem núverandi kerfi nær ekki yfir, verður tekið í notkun árið 2027.



Öfugt við það sem gildir um jarðefnaeldsneyti þá hefur losun frá landbúnaði og landnotkun hingað til ekki verið verðlögð eða henni stýrt að teljandi leyti í norrænu löndunum. Skattlagning á plöntuvarnarefnum er undantekning frá þessu. Verðlagning á losun, t.a.m. frá landbúnaði, hefur meðal annars verið takmörkuð vegna áhyggja af áhrifum slíkrar skattlagningar á samkeppnishæfni landbúnaðarins og kolefnisleka en einnig vegna áhyggja af ójafnri dreifingu svæðisbundinna og samfélagslegra afleiðinga. Skortur á færum leiðum sem fela í sér lausnir á þessum vandamálum hefur staðið í vegi fyrir skattlagningu á losun frá landbúnaði. Aftur á móti hafa aðgerðir til að draga úr losun í landbúnaði hlotið fjárhagslegan stuðning.

Í Danmörku er pólitískur stuðningur við að taka upp skattlagningu á losun frá landbúnaði samhliða stuðningsaðgerðum sem stuðla að umbótum í landbúnaði og landnotkun, á grundvelli ítarlegrar sérfræðiúttektar. Hvað varðar möguleika á því að taka upp samsvarandi kerfi í hinum löndunum væri heppilegt að skoða áhrif danska kerfisins á losun, landnotkun, landbúnaðarfyrirtæki og matvælaframleiðslu.

Norrænu ríkisstjórnirnar hafa skuldbundið sig til þess að nýta í auknum mæli þá þekkingu færni sem til er í tengslum við kostnaðarhagkvæmar pólitískar aðgerðir til þess að beita mengunarbótareglunni með viðunandi hætti.

Norrænu ríkisstjórnirnar telja að með þessu hafi verið orðið við tilmælunum að hluta.

Sjónarmið nefndarinnar

Á nefndarfundinum 31. mars 2025 færði nefndin svar við tilmælum 31/2024 um grænar skattaumbætur og loftslagsstefnu til framtíðar til bókar og afréð að bíða eftir pólitísku samráði.

Nefndin veitir því gaum að ríkisstjórnir norrænu landanna eru sammála Norðurlandaráði um að mengunarbætur séu mikilvæg grundvallarregla í árangursríkri loftslags- og umhverfisstefnu og bendir á að hún er einnig í gadda slegin í Lissabonsáttmála Evrópusambandsins. Ekki fer heldur fram hjá nefndinni að norrænu löndin beita reglunni í tengslum við losun gróðurhúsalofttegunda vegna jarðefnaeldsneytis og iðnaðarstarfsemi en ekki í sama mæli við losun vegna landbúnaðar og landnýtingar.

Flokkahópur miðjumanna fór fram á dýpri umræður um ýmis tækifæri til grænna umbóta á sviði skattlagningar og loftslagsstefnu til framtíðar. Flokkahópurinn lagði áherslu á efnahagslega stjórnun þar sem losunargjöld hafa gefið góða raun við að stemma stigu við mengun. Þá telur hann samræmi skorta í verkefnaskiptingu sviðanna. Miðjumenn telja brýnt að þrýsta búmönnum í átt að sjálfbærari lausnum og að meginreglurnar í tillögunni geti stuðlað að æskilegri atvinnuháttum í landbúnaði. Þeir telja enn fremur



mikilvægt að minnka þörfina á jarðefnaáburði frá öðrum löndum og að auka innlent framboð á fóðri og plöntum.

Norræn vinstri græn lögðu áherslu á mengunarbótaregluna og minntu á víðtækt samkomulag um hana við atvinnulífið í Danmörku sem þau telja til fyrirmyndar.

Norrænt frelsi kvaðst hafa verið andsnúið þingmannatillögum frá upphafi. Ástæða væri til að hafa áhyggjur af að meginreglur tillögunnar leiddu til tjóns. Norrænt frelsi hélt því fram að landbúnaðurinn bæri ekki frekari byrðar og benti á þann góða sið í Svíþjóð að innleiða valfrjálsar lausnir.

Helsingfors, 31. mars 2025

Tove Elise Madland (A)

Johan Andersson (S)

Karin Gaardsted (S)

Malte Larsen (S)

Mats Wiking (S)

André N. Skjelstad (V)

Emma Berginger (MP)

Krista Mikkonen (gröna)

Lene Westgaard-Halle (H)

Karsten Filso (SF)

Juho Eerola (saf)

Staffan Eklöf (SD)

Himanshu Gulati (FrP)